



Lúxemborg, 22. mars 2002

Fréttatilkynning 04/02
Dómur í máli E-8/00 *Alþýðusamband Noregs o.fl. gegn*
Sambandi norskra sveitarfélaga o.fl.

Kjarasamningar - Samkeppnisreglur – Flutningur lífeyrissjóða

Í ráðgefandi álitum sem EFTA-dómstóllinn sendi frá sér í dag taldi hann að ákvæði í kjarasamningi sem miða að því að bæta starfskjör og starfsskilyrði launþega, falli utan gildissviðs 53. gr. EES-samningsins, sem bannar samninga sem koma í veg fyrir eða takmarka samkeppni. Ákvæði kjarasamninga sem stefna að öðrum markmiðum en þeim að bæta starfskjör og starfsskilyrði eða, sem í framkvæmd bæta hvorki kjör né starfsskilyrði, geta fallið undir gildissvið 53. gr. EES.

Álitid er gefið í tilefni af beiðni Félagsdóms Noregs sem fram kom í máli sem þar er rekið milli Alþýðusambands Noregs og annarra stéttarfélaganna gegn Sambandi norskra sveitarfélaga og 11 sveitarfélögum sem aðild eiga að sambandinu. Ágreiningurinn í aðalmálinu varðar skýringu og beitingu umræddra ákvæða kjarasamnings fyrir starfsmenn sveitarfélaga. Nánar er um það deilt í aðalmálinu hvort stefndu brutu gegn umræddum ákvæðum kjarasamninganna þegar þeir fluttu lífeyrissjóði sína frá fyrirtækinu KLP, sem er gagnkvæmt tryggingafélag að fullu í eigu aðildarfélaganna Alþýðusambands Noregs, til annarra tryggingafélaga.

Félagsdómur Noregs setti fram í beiðninni allmargar nákvæmar spurningar. EFTA-dómstóllinn gat ekki svarað öllum þeirra beint, en setti fram sjónarmið um túlkun EES-samningsins í ljósi atvika málsins sem Félagsdómi ber að taka mið af við úrlausn þess.

EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að sambandið milli reglna landsréttar um kjarasamninga og gerð þeirra, sem ekki hafa verið samræmdar á grundvelli EES-samningsins, og samkeppnisreglna EES-samningsins, verði að skoða í ljósi þeirra meginreglna sem dómstóll Evrópubandalaganna hafi sett fram í svonefndum *Albany*-dómi og fleiri dómum af svipuðum toga. Samkvæmt þeim falli umrædd ákvæði kjarasamningsins, samkvæmt orðanna hljóðan, utan við gildissvið 53. gr. EES. Komist Félagsdómur aftur á móti að þeirri niðurstöðu að ákvæðin stefni í reynd ekki að þeim markmiðum sem þau virðast gera geti þau fallið innan gildissviðs 53. gr. EES. Ef svo er, og ef komist er að þeirri niðurstöðu að þessi ákvæði hafi þau áhrif í reynd að aðeins eitt tryggingafyrirtæki geti uppfyllt öll skilyrðin, og önnur félög séu þar með útilokuð, geta þessi ákvæði falið í sér takmarkanir á samkeppni í skilningi 53. gr.

Það er hlutverk Félagsdóms Noregs að meta allar staðreyndir málsins og leysa úr málinu á grundvelli þeirra, þ.m.t. efnahagslegra þátta, og viðeigandi lagareglna, að teknu tilliti til þeirra sjónarmiða um túlkun EES-samningsins sem fram koma í álitum EFTA-dómstólsins.

Dómurinn í heild er að finna á norsku og ensku á vefsíðunni: www.efta.int.

EFTA-dómstóllinn skipa dómarnir Þór Vilhjálmsson (forseti), Carl Baudenbacher og Per Tresselt.

Hér er um að ræða fréttatilkynningu. Aðeins dómurinn sjálfur gildir.